

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 28. janúar 1991

um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða**(91/67/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Fiskeldisdýr og -afurðir eru talin upp í skránni í II. viðauka við sáttmálann.

Ræktun fiskeldisdýra og markaðssetning fiskeldisdýra og -afurða er tekjulind fyrir þá sem starfa í sjávarútvegi.

Til að tryggja skynsamlega þróun á þessu sviði og auka framleiðni er nauðsynlegt að settar verði á vettvangi bandalagsins heilbrigðisreglur á þessu.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á fót og komið verði í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

Heilbrigðisástand fiskeldisdýra er ekki hið sama alls staðar í bandalaginu. Af þeim sökum er nauðsynlegt að skipta því í svæði.

Ákveða verður skilmála og aðferðir við veitingu, viðhald, niðurfellingu, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar á slíkum svæðum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 84, 2. 4. 1990, bls. 42.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 19, 28. 1. 1991.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 332, 31. 12. 1990.

Einnig þarf að skilgreina hugtakið „eldisstöð með sérstaka dýraheilbrigðisviðurkenningu“.

Ákveða verður skilmála og aðferðir við veitingu, viðhald, niðurfellingu, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar á slíkum eldisstöðvum.

Nauðsynlegt er að setja reglur innan bandalagsins vegna innflutnings á fiskeldisdýrum og -afurðum frá þriðju löndum. Þessar reglur verða að tryggja fullnægjandi verndarráðstafanir.

Eftirlitskerfi bandalagsins skal komið á til að fylgjast með því að ákvæðum þessarar tilskipunar sé fullnægt.

Vísindalegar rannsóknir ættu að fara fram til að unnt sé síðar meir að bæta við þær reglur sem eru settar með þessari tilskipun.

Gera þarf ráðstafanir til að tryggja náð og árangursríkt samstarf milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

Almenn ákvæði*1. gr.*

Í þessari tilskipun eru skilgreind skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldisdýra og -afurða.

Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ákvæði bandalagsins eða innlend ákvæði um verndun tegunda.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „fiskeldisdýr“: lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, að meðtöldum þeim sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð;
2. „fiskeldisafurðir“: afurðir af fiskeldisdýrum, hvort sem þær eru ætlaðar til ræktunar, eins og hrogn og svil, eða til manneldis;
3. „fiskur, krabbadýr eða lindýr“: hvaða fiskur, krabbadýr eða lindýr sem er, óháð þroskastigi;
4. „eldisstöð“: starfsstöð eða almennt landfræðilega skilgreint mannvirki þar sem fiskeldisdýr eru ræktuð eða alin með markaðssetningu í huga;
5. „viðurkennd eldisstöð“: eldisstöð sem uppfyllir, eftir því sem við á, kröfur í I., II. eða III. hluta viðauka C og er viðurkennd sem slík samkvæmt 6. gr.;
6. „viðurkennt svæði“: svæði sem uppfyllir, eftir því sem við á, ákvæði I., II. eða III. hluta viðauka B og er viðurkennt sem slíkt samkvæmt 5. gr.;
7. „viðurkennd rannsóknarstofa“: rannsóknarstofa á yfirráðasvæði aðildarríkis, tilnefnd af lögbæru yfirvaldi, og á ábyrgð þess, til að framkvæma þau greiningarpróf sem kveðið er á um í þessari tilskipun;
8. „opinber þjónustustofnun“: dýraheilbrigðisstofnun eða önnur sambærileg stofnun sem er tilnefnd af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins eða þriðja lands og ber ábyrgð á eftirlitinu sem kveðið er á um í þessari tilskipun;
9. „heilbrigðisstoðun“: vitjun á vegum opinberrar þjónustustofnunar eða stofnana í eldisstöð eða á svæði til heilbrigðiseftirlits með eldisstöð eða svæði;
10. „markaðssetning“: afurðir eru geymdar eða sýndar með sölu í huga, boðnar til sölu, seldar, afhentar, framseldar eða með einhverjum öðrum hætti settar á markað innan bandalagsins, að smásölu undanskilinni.

2. KAFLI

Markaðssetning fiskeldisdýra og -afurða bandalagsins

3. gr.

1. Markaðssetning fiskeldisdýra og -afurða skal háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

- a) þau mega ekki sýna nein klínísk sjúkdómseinkenni á fermingardeg;
- b) þau mega ekki vera ætluð til förgunar eða slátrunar samkvæmt áætluninni um útrýmingu sjúkdóms sem er tilgreindur í viðauka A;
- c) þau mega ekki koma frá eldisstöð sem er í banni af dýraheilbrigðissjónarmiðum og mega ekki hafa komist í snertingu við dýr frá slíkri eldisstöð.

2. Fiskeldisafurðir sem eru settar á markað til ræktunar (hrogn og svil) verða að vera af dýrum sem fullnægja skilyrðum 1. mgr.

3. Fiskeldisafurðir sem eru settar á markað til manneldis verða að vera af dýrum sem fullnægja skilyrðum a-liðar 1. mgr.

4. gr.

Flytja verður fiskeldisdýr eins fljótt og unnt er til viðtökustaðar með flutningatæki sem hefur verið hreinsað og, ef með þarf, sótthreinsað fyrirfram með sótthreinsiefni sem er opinberlega viðurkennt í sendingaraðildarríkinu.

Ef vatn er notað í landflutningum skulu flutningatækin þannig úr garði gerð að vatn geti ekki lekið út meðan á flutningunum stendur. Flutningar skulu fara þannig fram að heilbrigði dýranna sé tryggt, einkum með því að skipta um vatn. Skipta verður um vatn á þeim stöðum sem uppfylla kröfur viðauka D. Hvert aðildarríki verður að senda framkvæmdastjórninni skrá yfir slíka staði og tilkynna um breytingar síðar og skal hún koma upplýsingunum á framfæri við hin aðildarríkin.

5. gr.

1. Til að fá svæði viðurkennt vegna eins eða fleiri sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A, skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina:

- öll sönnunargögn varðandi skilyrðin sem eru sett, eftir því sem við á, í þætti B í I., II. eða III. hluta viðauka B,
- innlendar reglur sem tryggja að skilyrðunum sem eru sett, eftir því sem við á, í þætti C í I., II. eða III. hluta viðauka B sé fullnægt.

2. Framkvæmdastjórnin skal grandskoða upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin getur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 26. gr. viðurkennt eða endurnýjað viðurkenningu á svæðum með hliðsjón af þeim upplýsingum.

Ef opinbera þjónustustofnunin fellir niður viðurkenningu á svæði í samræmi við 5. lið þáttar D í I. hluta, þátt D í II. hluta eða 5. lið þáttar D í III. hluta viðauka B skal framkvæmdastjórnin afturkalla ákvörðun sína um viðurkenningu.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir viðurkennd svæði. Hún skal breyta skránni þegar fram koma nýjar viðurkenningar eða viðurkenning er felld niður. Framkvæmdastjórnin skal senda skrána ásamt breytingum við hana til aðildarríkjanna.

6. gr.

1. Til að fá eldisstöð viðurkennda á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, vegna eins eða fleiri sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A, skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina:

- öll sönnunargögn varðandi skilyrðin sem eru sett, eftir því sem við á, í þætti A í I., II. eða III. hluta viðauka C,
- innlendar reglur sem tryggja að skilyrðunum sem eru sett, eftir því sem við á, í þætti B í I., II. eða III. hluta viðauka C sé fullnægt.

2. Þegar framkvæmdastjórnin hefur móttækið gögn varðandi beiðni um viðurkenningu eða endurnýjun á viðurkenningu eldisstöðvar á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu hefur hún einn mánuð til að rannsaka gögnin. Rannsóknin skal fara fram á grundvelli upplýsinganna sem um ræðir í 1. mgr. og, eftir því sem við á, niðurstaðna eftirlits á staðnum sem fram fer í samræmi við ákvæði 17. gr.

Ef niðurstöður rannsóknarinnar eru jákvæðar skal framkvæmdastjórnin koma þeim á framfæri við aðildarríkin. Aðildarríkin hafa tveggja vikna frest til að gera athugasemdir.

Hafi engar athugasemdir verið gerðar þegar fresturinn er útrunninn, eða stangist athugasemdirnar ekki á við niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar, skal framkvæmdastjórnin viðurkenna eða endurnýja viðurkenningu á eldisstöð.

Ef verulegt misræmi er á milli niðurstaðna framkvæmdastjórnarinnar og athugasemda aðildarríkjanna, eða komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað gögnin að ekki beri að veita viðurkenninguna eða endurnýja hana, hefur framkvæmdastjórnin tveggja mánaða frest til að vísa málinu til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði og leita eftir áliti hennar. Ef svo ber undir skal veita viðurkenninguna eða endurnýja hana í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr.

Ef opinbera þjónustustofnunin dregur viðurkenningu á eldisstöð til baka í samræmi við þátt C í I., II. eða III. hluta viðauka C skal framkvæmdastjórnin afturkalla ákvörðun sína um viðurkenningu.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir viðurkenndar eldisstöðvar. Hún skal breyta skránni þegar fram koma nýjar viðurkenningar eða viðurkenning er felld niður. Framkvæmdastjórnin skal senda skrána ásamt breytingum við hana til aðildarríkjanna.

7. gr.

1. Markaðssetning lifandi fisks af þeim tegundum sem eru smitnæmar og um getur í 2. dálki skráa I og II í viðauka A, hrognum þeirra eða svilja, skal háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) eigi að flytja hann á viðurkennt svæði verður að fylgja honum, samkvæmt 11. gr., flutningsskýrsla sem er í samræmi við fyrirmyndina í 1. eða 2. kafla viðauka E til staðfestingar á að hann komi frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð. Þar til niðurstöður endurskoðunarinnar sem kveðið er á um í 28. gr. liggja fyrir, skulu viðbótarábyrgðir ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. vegna aðflutnings fisks, sem kemur frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, á viðurkennt svæði. Uns sú ákvörðun liggur fyrir skulu innlendar reglur gilda áfram að því tilskildu að þær séu í samræmi við almenn ákvæði sáttmáls;
- b) eigi að flytja hann til eldisstöðvar sem uppfyllir skilyrðin í I. hluta viðauka C, enda þótt hún sé ekki á viðurkenndu svæði, verður að fylgja honum, samkvæmt 11. gr., flutningsskýrsla sem er í samræmi við fyrirmyndina í 1. eða 2. kafla viðauka E til staðfestingar á að hann komi frá viðurkenndu svæði eða eldisstöð sem hefur sömu heilbrigðisviðurkenningu og viðtökueldisstöðin.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., að breyta eða fella niður viðbótarábyrgðirnar sem um getur í 1. mgr. eftir því hver þróun dýraheilbrigðismála verður í bandalaginu, einkum með það í huga að tekið verði mið af árangri ráðstafana til útrýmingar á sjúkdóminum sem um getur í 1. dálki skrár I í viðauka A.

8. gr.

1. Markaðssetning lifandi lindýra sem um getur í 2. dálki skráa I og II í viðauka A skal háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) eigi að sleppa þeim á viðurkennt strandsvæði verður að fylgja þeim, samkvæmt 11. gr., flutningsskýrsla sem er í samræmi við fyrirmyndina í 3. eða 4. kafla viðauka E til staðfestingar á að þau komi frá viðurkenndu strandsvæði eða viðurkenndri eldisstöð á strandsvæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, eftir því sem við á;
- b) eigi að sleppa þeim í viðurkenndri eldisstöð sem uppfyllir skilyrðin sem eru sett í III. hluta viðauka C, enda þótt hún sé ekki á viðurkenndu strandsvæði, verður að fylgja þeim, samkvæmt 11. gr., flutningsskýrsla sem er

í samræmi við fyrirmyndina í 3. eða 4. kafla viðauka E til staðfestingar á að þau komi frá viðurkenndu strandsvæði eða eldisstöð sem hefur sömu heilbrigðisviðurkenningu og viðtökueldisstöðin.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., að breyta eða fella niður viðbótarábyrgðirnar sem um getur í 1. mgr. eftir því hver staða dýraheilbrigðismála er í bandalaginu.

9. gr.

Markaðssetning á viðurkenndu svæði á fiskeldisdýrum og -afurðum til mannelis frá svæðum sem hafa ekki hlotið viðurkenningu skal háð því að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:

1. Fiskur sem er smitnæmur fyrir sjúkdómunum sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A skal aflífaður og slægður fyrir afgreiðslu.

Þar til niðurstöður endurskoðunarinnar sem kveðið er á um í 28. gr. liggja fyrir skal þess ekki krafist að fiskur sé slægður ef hann kemur frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu. Veita má undanþágur frá þessari meginreglu í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 26. gr.

Uns ákvörðun liggur fyrir skulu innlendar reglur gilda áfram að því tilskildu að þær séu í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans.

2. Lifandi lindýr sem eru smitnæm fyrir sjúkdómunum sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A skal afhenda annaðhvort beint til mannelis eða til lagmetisíðnaðarins og þeim ekki sleppt nema:

— þau komi frá viðurkenndri eldisstöð á strandsvæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, eða

— þeim hafi verið sökktt um stundarsakir í geymslukur eða hreinsunarstöðvar sem eru sérstaklega búnar og viðurkenndar í því skyni af lögbæra yfirvaldinu og í þeim sé meðal annars kerfi til meðhöndlunar og sótthreinsunar á frárennslisvatni. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal, ef þörf krefur, gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., til að tryggja að þessari grein sé fylgt á einsleitann hátt.

10. gr.

1. Ef aðildarríki leggur fram eða hefur gert áætlun sem gerir því síðar kleift að innleiða aðferðirnar sem kveðið er á um 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. skal það leggja þessar áætlanir fyrir framkvæmdastjórnina og tilgreina einkum:

— viðkomandi landsvæði og eldisstöð eða -stöðvar,

— ráðstafanir sem hinar opinberu þjónustustofnanir gera til að tryggja að áætluninni sé fylgt réttilega,

— aðferðir sem viðurkenndar rannsóknarstofur nota, fjölda þeirra og staðsetningu,

— algengi sjúkdómsins eða sjúkdómanna sem eru tilgreindir í 1. dálki skráa I og II í viðauka A,

— ráðstafanir sem eru gerðar til að berjast gegn þessum sjúkdómum þar sem þeir koma fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal grandskoða áætlanir sem aðildarríkin leggja fram. Þessar áætlanir verður að viðurkenna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 26. gr. Þegar áætlanir hafa verið samþykktar skulu reglurnar í 7. og 8. gr. gilda um aðflutning fiskeldisdýra og -afurða til svæða eða eldisstöðva sem áætlanirnar taka til.

3. Breyta má eða bæta við áætlanir sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. Samkvæmt sömu málsmeðferð er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja breytingu eða viðbót við áætlun sem hefur hlotið samþykki eða við ábyrgðir sem eru veittar samkvæmt reglunum sem um getur í 2. mgr.

11. gr.

1. Flutningsskýrslurnar sem um getur í 7. og 8. gr. verða að vera gefnar út af opinberu þjónustustofnuninni á upprunastaðnum innan 48 klukkustunda fyrir fermingu, á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökustaðarins. Þær skulu vera ein pappírskop og einungis gefnar út vegna eins viðtakanda. Þær skulu gilda í 10 daga.

2. Hver vörusending af fiskeldisdýrum og -afurðum skal greinilega auðkennd svo að unnt sé að rekja hana til baka til upprunaeldisstöðvarinnar og sannreyna, eftir því sem við á, tengsl dýranna eða afurðanna við upplýsingarnar sem fram koma í meðfylgjandi flutningsskýrslu. Þessar upplýsingar má skrá beint á ílátið eða á merkimiða sem er festur við það eða í flutningsskýrsluna.

12. gr.

1. Ef aðildarríki leggur fram eða hefur gert ólögboðna eða lögboðna eftirlitsáætlun vegna eins sjúkdómanna sem eru tilgreindir í 1. dálki skrár III í viðauka A skal það leggja þessa áætlun fyrir framkvæmdastjórnina og tilgreina einkum:

— útbreiðslu sjúkdómsins í aðildarríkjunum,

— rök fyrir áætluninni þar sem tekið er tillit til umfangs sjúkdómsins og áætlaðan ávinning af henni í samanburði við kostnað,

- landsvæði þar sem áætlanin kemur til framkvæmda,
- hvernig eigi að flokka eldisstöðvar, og hvaða staðla eldisstöðvar í hverjum flokki verði að uppfylla, að prófunaraðferðum meðtöldum,
- reglur sem gilda um komu dýra með lægri heilbrigðisviðurkenningu í eldisstöð,
- hvaða aðgerða skuli gripið til ef eldisstöð missir þá viðurkenningu sem hún hefur, af hvaða ástæðu sem það kann að vera,
- hvers konar eftirlit er haft með áætluninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal grandskoða áætlanir sem aðildarríkin leggja fram. Þessar áætlanir verður að viðurkenna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 26. gr. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem krefjast má vegna aðflutnings fiskeldisdýra og -afurða til svæða eða eldisstöðva sem eru undir opinberu eftirliti skulgreindar í samræmi við sömu málsmeðferð.

3. Breyta má eða bæta við áætlanir sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. Samkvæmt sömu málsmeðferð er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja breytingu eða viðbót við áætlun sem hefur hlotið samþykki eða við ábyrgðir sem hafa verið skilgreindar samkvæmt 2. mgr.

13. gr.

1. Aðildarríki sem telur að yfirráðasvæði sitt eða hluti þess sé ósýkt af einum af sjúkdómunum sem eru tilgreindir í 1. dálki skrár III í viðauka A skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi sönnunargögn, þar sem einkum komi fram:

- heiti sjúkdómsins og ferli hans í því aðildarríki,
- niðurstöður eftirlitsprófa sem eru byggð á sermifræðilegum, veirufræðilegum, örverufræðilegum eða meinafræðilegum niðurstöðum, eftir því sem við á, og þeirri staðreynd að skylt er tilkynna sjúkdóminn til lögbærra yfirvalda,
- lengd eftirlitstímabils,
- eftirlitsráðstafanir til að ganga úr skugga um að viðkomandi svæði sé áfram ósýkt af sjúkdóminum.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna sönnunargögnin. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem krefjast má vegna aðflutnings fiskeldisdýra og -afurða til tiltekinna svæða eða eldisstöðva skulu skilgreindar í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á gögnunum sem um getur í 1. mgr.

og tengjast sjúkdóminum. Breyta má eða fella niður viðbótarábyrgðir samkvæmt 2. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 27. gr., á grundvelli veittra upplýsinga.

14. gr.

1. Með fyrirvara um kröfur vegna sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skrár III í viðauka A, settar samkvæmt málsmeðferðinni í 12. og 13. gr., skal markaðssetning á lifandi eldisfiski (lindýrum eða krabbadýrum), sem er ekki af smitnæmum tegundum samkvæmt 2. dálki skráa I og II í viðauka A, og hrogn þeirra og svil vera háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) þegar flytja á hann inn á viðurkennt svæði, verður að fylgja honum flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., til staðfestingar á að hann komi frá svæði með sömu heilbrigðisviðurkenningu, frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu eða frá eldisstöð sem getur verið á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri eldisstöð sé ekki að finna fisk, krabbadýr eða lindýr af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki skráa I og II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni.

Þar til niðurstöður endurskoðunarinnar sem kveðið er á um í 28. gr. liggja fyrir geta aðildarríkin, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 26. gr., farið fram á undanþágu frá undanfarandi undirgrein, einkum með það í huga að banna aðflutning á viðurkennt svæði á fiski, krabbadýrum eða lindýrum sem um getur í þessari málsgrein og koma frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu eða frá eldisstöð sem getur verið á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri eldisstöð sé ekki að finna fisk, krabbadýr eða lindýr af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki skráa I og II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni. Samkvæmt sömu málsmeðferð skal ákveða viðeigandi skilyrði og ráðstafanir til að tryggja að ákvæðinu verði fylgt á einsleitann hátt. Uns ákvarðanir liggja fyrir skulu innlendar reglur gilda áfram, að því tilskildu að þær séu í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans;

- b) þegar flytja á hann í eldisstöð sem fullnægir skilmálum viðauka C, enda þótt hún sé á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, verður að fylgja þeim flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., til staðfestingar á að hann komi frá viðurkenndu svæði, frá eldisstöð með sömu heilbrigðisviðurkenningu eða frá eldisstöð sem getur verið á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri eldisstöð sé ekki að finna fisk, krabbadýr eða lindýr af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki skráa I og II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni.

2. Með fyrirvara um kröfur vegna sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skrár III í viðauka A, settar samkvæmt málsmeðferðinni í 12. og 13. gr., skal markaðssetning á villtum fiski, lindýrum eða krabbadýrum, hrognum þeirra og sviljum, vera háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) Þegar flytja á þau inn á viðurkennt svæði verður að fylgja þeim flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., til staðfestingar á að þau komi frá svæði með sömu heilbrigðisviðurkenningu;
- b) Þegar flytja á þau í eldisstöð sem fullnægir skilmálum viðauka C, enda þótt hún sé á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, verður að fylgja þeim flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., til staðfestingar á að þau komi frá viðurkenndu svæði.

15. gr.

Ákveða skal sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem á að nota til að greina og staðfesta sjúkdómana sem um getur í 1. dálki viðauka A í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. Þessar sýnatökuáætlanir verða að taka mið af tilvist villts fiskis, krabbadýra og lindýra í vatnsumhverfinu.

16. gr.

1. Reglurnar sem eru settar í tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989, um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, að því er varðar fiskeldisafurðir til mannelis, og tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990, um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽²⁾, að því er varðar markaðssett fiskeldisdýr og -afurðir, skulu gilda, einkum um skipulag og aðgerðir sem grípa skal til að lokinni skoðun sem viðtökuáildarríki á að annast og verndarráðstafanirnar sem eiga að koma til framkvæmda.

2. Tilskipun 89/662/EBE er breytt sem hér segir:

- a) í viðauka A bætist eftirfarandi undirliður við:

„— Tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða (Stjttíð. EB nr. L 46, 19. 2. 1991, bls. 1)“;

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29; eins og henni var breytt með tilskipun 90/539/EBE (Stjttíð. EB nr. L 303, 31. 10. 1990, bls. 6).

- b) í viðauka B falli eftirfarandi undirliður niður:

„— fiskeldisafurðir til mannelis.“

3. Í I. lið viðauka A við tilskipun 90/425/EBE bætist eftirfarandi tilvísun við:

„Tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um dýraheilbrigðisskilyrði sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldisdýra og -afurða (Stjttíð. EB nr. L 46, 19. 2. 1991, bls. 1)“.

17. gr.

1. Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna einseilitrar beitingar þessarar tilskipunar geta dýraheilbrigðis-sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar framkvæmt skoðanir á staðnum í samvinnu við lögbær yfirvöld. Aðildarríki þar sem skoðun fer fram skal veita sérfræðingunum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að þeir geti unnið verk sitt. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður slíkra skoðana.

2. Almenn ákvæði til beitingar þessari grein skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr.

Reglur um skoðunina sem kveðið er á um í þessari grein skulu settar samkvæmt sömu málsmeðferð.

3. KAFLI

Reglur um innflutning frá þriðju löndum

18. gr.

Fiskeldisdýr og -afurðir sem eru flutt inn til bandalagsins skulu fullnægja skilyrðunum sem eru sett í 19., 20. og 21. gr.

19. gr.

1. Fiskeldisdýr og -afurðir verða að koma frá þriðju löndum eða hlutum þeirra sem eru taldir upp í skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. Skránni má breyta eða bæta við hana samkvæmt sömu málsmeðferð.

2. Þegar ákveðið er hvort þriðja land eða hluti þess skuli tilgreint í skránni sem um getur í 1. mgr. skal einkum tekið mið af:

- a) heilbrigðisástandi fiskeldisdýranna, einkum skal gefa gaum að framandi sjúkdómum og ástandi heilbrigðismála í þriðja landinu sem gæti stofnað heilbrigði stofnins í hættu í aðildarríkjunum;

- b) hversu reglulega og hve oft þriðja landið lætur í té upplýsingar um tilvist smitsjúkdóma í fiskeldisdýrum á yfirráðasvæði sínu, einkum um þá sjúkdóma sem eru tilgreindir í skrá B frá Alþjóðastofnun um smitsjúkdóma dýra;
- c) reglum þriðja landsins um forvarnaraðgerðir og eftirlit með sjúkdómum í fiskeldisdýrum;
- d) uppbyggingu opinberra þjónustustofnana í þriðja landinu og valdsviði þeirra;
- e) skipulagi og framkvæmd ráðstafana til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með smitsjúkdómum í fiskeldisdýrum;
- f) þeim tryggingum sem þriðja landið veitir vegna reglna sem eru settar í þessari tilskipun.
3. Skráin sem um getur í 1. mgr. og allar breytingar á henni skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

20. gr.

1. Fyrir hvert þriðja land skulu fiskeldisdýr og -afurðir fullnægja þeim heilbrigðisskilyrðum sem eru samþykkt í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr.
2. Eftir því hvert ástand dýraheilbrigðismála er í viðkomandi þriðja landi geta skilyrðin sem um getur í 1. mgr. einkum tekið til:
- takmarkana á innflutningi frá hluta þriðja landsins,
 - takmarkana vegna tiltekinna tegunda, óháð þroskastigi,
 - forskrifta um meðferð sem afurðirnar eiga að hljóta, eins og sóttþreinsun hrogna,
 - forskrifta um notkun þessara dýra eða afurða,
 - ráðstafana sem gera skal vegna innflutnings, eins og sóttkvíun eða sóttþreinsun hrogna.

21. gr.

1. Fiskeldisdýrum og -afurðum skal fylgja vottorð sem er gefið út af opinberri þjónustustofnun í þriðja landinu sem flytur út. Vottorðið skal:
- a) gefið út þann dag sem vörusendingin er afhent til afgreiðslu til viðtökuaðildarríkisins;
- b) fylgja vörusendingunni í frumriti;
- c) staðfesta að fiskeldisdýrin og tilteknar fiskafurðir uppfylli kröfur þessarar tilskipunar og þær sem eru settar í tengslum við hana vegna innflutnings frá þriðja landinu;

- d) gilda í 10 daga;
- e) vera ein pappírsörk;
- f) gert fyrir einn viðtakanda.

2. Vottorðið sem um getur í 1. mgr. verður að vera samkvæmt fyrirmynd sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr.

22. gr.

Dýraheilbrigðissérfræðingar aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar skulu kanna með skoðun á staðnum hvort ákvæðum þessarar tilskipunar, einkum 19. og 20. gr., er fylgt í reynd.

Framkvæmdastjórnin skal tilnefna sérfræðinga aðildarríkjanna sem skulu annast þessar skoðanir, að fenginni tillögu aðildarríkjanna.

Skoðanirnar skulu gerðar á ábyrgð og kostnað bandalagsins.

Hversu oft þessar skoðanir skulu fara fram og aðferðirnar við þær skulu ákvarðaðar í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr.

23. gr.

1. Nota skal þær almennu reglur og meginreglur við skoðun á innfluttum fiskeldisafurðum frá þriðju löndum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem eru fluttar til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾.

2. Nota skal þær almennu reglur og meginreglur við skoðun á lifandi innfluttum fiskeldisdýrum og -afurðum frá þriðju löndum sem mælt er fyrir um í 7. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

24. gr.

Ef smitsjúkdómur í fiskeldisdýrum, sem líklegt er að geti stofnað heilbrigði stofna í aðildarríki í hættu, brýst út eða breiðist út í þriðja landi eða réttlæti aðrar heilbrigðisástæður slíkt skulu reglur, málsmeðferð og ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 90/425/EBE gilda.

4. KAFLI

Lokaákvæði

Viðaukum D og E má breyta samkvæmt málsmeðferðinni í 26. gr.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

Viðaukum A, B og C skal einungis breytt af ráðinu með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, einkum með það í huga að aðlaga þá að tækniframförum.

26. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til fasta-nefndarinnar um dýraheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE⁽¹⁾, hér eftir kölluð „nefndin“, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. a) Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

27. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni nefndarinnar að vísa málinu án tafar til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. a) Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum innan tveggja daga. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í

nefndinni veða eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan 15 daga frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

28. gr.

Ráðið skal, fyrir 1. júlí 1992, að því er varðar skrá yfir sjúkdóma í viðauka A, og fyrir 1. janúar 1997, að því er varðar heilbrigðisstöðu viðurkenndra eldisstöðva á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni um fengna reynslu, að fengnu álitinu vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði ásamt hugsanlegum tillögum, sem það afgreiðir með auknum meirihluta, endurskoða ákvæði þessarar tilskipunar og einkum þau sem varða markaðssetningu á lifandi fiski frá viðurkenndum eldisstöðvum á svæðum sem hafa ekki hlotið viðurkenningu.

29. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1993.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

30. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. janúar 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 225, 18. 10. 1968, bls. 23.

VIÐAUKA

SKRÁ YFIR SJÚKDÓMA OG SMITNÆMAR TEGUNDIR

1	2
Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
SKRÁ I Fiskur IHN (Smitandi blóðmyndandi frumudauði)	<i>Salmo gairdneri</i> <i>Oncorhynchus nerka</i> <i>Oncorhynchus tshawytscha</i> <i>Oncorhynchus rhodurus</i> <i>Salmo salar</i>
SKRÁ II Fiskur VHS (Bakteríu-blóðeitrun)	<i>Salmo gairdneri</i> <i>Salmo trutta</i> <i>Salmo salar</i> <i>Thymallus thymallus</i> <i>Coregonus</i> sp. <i>Esox lucius</i> (seiði)
Lindýr <i>Bonomia ostreae</i> <i>Marteilia</i> sp. <i>Haplosporidium</i> sp. <i>Perkinsus</i> sp.	<i>Ostrea edulis</i> <i>Ostrea edulis</i> <i>Ostrea edulis</i> <i>Ruditapes decussatus</i>
SKRÁ III Fiskur IPN (Smitnæmt drep í brisi) PN	<i>Salmo gairdneri</i> <i>Salmo trutta</i> <i>Salvelinus fontinalis</i> <i>Oncorhynchus</i> (tvær tegundir)
SVC (Vorveira í vatnakarpa)	<i>Cyprinus carpio</i> <i>Ctenopharyngodon idella</i> <i>Hypophthalmichthys</i> sp.
BKD (Nýrnaveiki)	Allur laxfiskur og einkum <i>Oncorhynchus</i>
Kýlaveiki í Atlantshafslaxi	<i>Salmo salar</i> og allur annar laxfiskur
ERM (Rauðmunnaveiki)	laxfiskur, <i>Anguilla anguilla</i> , <i>Psetta maxima</i> (sandhverfa) <i>Notropis atherinoides</i> (straumlalli)
Roðflyðruveiki (<i>Gyrodactylus salaris</i>) <i>Myxobolosis</i> (<i>Myxosomiasis</i>) (Hvirfilveiki)	<i>Salmo salar</i> <i>Salmo gairdneri</i> <i>Salmo trutta</i> <i>Salmo salar</i> <i>Salvelinus fontinalis</i>
Krabbadýr Aphanomycosis (Krabbapest)	<i>Astacus</i> sp. <i>Austropotamobius pallipes</i> <i>Procambarus clarkii</i>

VIÐAUKI B

VIÐURKENND SVÆÐI

I. Meginlandssvæði fyrir fisk (2. dálkur í skráum I og II í viðauka A)

A. Skilgreining á meginlandssvæðum

Með meginlandssvæði er átt við

- hluta yfirráðasvæðis sem nær yfir heilt vatnasvið frá upptökum vatnsfallanna að árósum þar sem sjávarfalla gætur, eða eins eða fleiri vatnasviða, þar sem fiskur er ræktaður, veiddur eða alinn, eða
- hluta vatnasviðs frá upptökum vatnsfallanna að náttúrulegri eða tilbúinni stíflu sem kemur í veg fyrir að fiskurinn fari niður fyrir þá stíflu.

Stærð og landfræðileg lega meginlandssvæðis verður að vera þannig að líkur á endursmitun, t.d. vegna farfisks, séu í lágmarki. Þetta getur þýtt að ákveða verði stíflusvæði þar sem eftirlit fer fram án þess að svæðið verði flokkað sem viðurkennt svæði.

B. Viðurkenning

Til að hljóta viðurkenningu verður meginlandssvæði að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. allur fiskur verður að vera laus við klínísk einkenni eða önnur merki um einn eða fleiri af sjúkdómum sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A í að minnsta kosti fjögur ár;
2. allar eldisstöðvar á meginlandssvæðinu verða að vera undir eftirliti opinberu þjónustustofnananna. Heilbrigðisskoðun tvisvar á ári verður að hafa farið fram í fjögur ár. Heilbrigðisskoðun verður að fara fram á þeim árstíma þegar vatnshitastigið skapar skilyrði fyrir þróun þessara sjúkdóma. Heilbrigðisskoðun verður að fela í sér að minnsta kosti:
 - skoðun á fiski þar sem einhver afbrigði koma fram,
 - töku sýna sem senda skal eins fljótt og kostur er til viðurkenndrar rannsóknarstofu þar sem fram fer greining á viðkomandi smitefnum.Hins vegar geta svæði þar sem reynslan hefur sýnt að sjúkdómarnir sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A finnast ekki hlotið viðurkenningu ef:
 - a) landfræðileg lega er þannig að sjúkdómar eigi ekki greiða leið að svæðinu;
 - b) opinbert heilbrigðiseftirlitskerfi hefur verið í lengri tíma, minnst tíu ár, þar sem:
 - reglulegt eftirlit hefur verið haft með öllum eldisstöðum,
 - notað hefur verið sjúkdómatilkynningakerfi,
 - ekkert sjúkdómstilvik hefur verið skráð,
 - enginn aðflutningur hefur átt sér stað frá smituðum svæðum;
3. ef engin eldisstöð er á meginlandssvæði sem á að viðurkenna verða opinberu þjónustustofnanirnar að hafa gert það að skilyrði að heilbrigðisskoðun fari fram á fiski á lægri hluta vatnasviðsins tvisvar á ári í fjögur ár, í samræmi við 2. lið;
4. rannsóknarstofurannsóknir á fiski sem er tekinn við heilbrigðisskoðun hafi sýnt neikvæðar niðurstöður að því er viðkomandi smitefni varðar.

C. Viðurkenningu haldið við

Fullnægja þarf eftirfarandi kröfum til að halda viðurkenningu:

1. fiskur sem er fluttur á svæðið verður að koma frá öðru viðurkenndu svæði eða frá viðurkenndri eldisstöð;
2. heilbrigðisskoðun verður að fara fram tvisvar á ári á eldisstöð í samræmi við 2. lið í þætti B; þó verða sýni tekin á víxl í 50% af fiskeldisstöðvunum á meginlandssvæðinu á hverju ári;
3. niðurstöður rannsóknarstofurannsókna á fiski sem hefur verið tekinn við heilbrigðisskoðun verða að hafa verið neikvæðar að því er varðar sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A;
4. þeir sem reka eldisstöðvar eða þeir sem bera ábyrgð á aðflutningi fisks verða að halda skrá þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að hafa óslitið eftirlit með heilbrigði fisksins.

D. *Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar*

1. Tilkynna skal eins fljótt og kostur er til opinberu þjónustustofnunarinnar óvænt dauðsföll eða önnur einkenni þar sem grunur gæti leikið á að fisksjúkdómur sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A hafi komið upp. Hún skal þegar í stað fella viðurkenningu svæðisins niður um tíma.
2. Úrtak með að minnsta kosti 10 sýktum fiskum skal sent til viðurkenndu rannsóknarstofunnar til greiningar á viðkomandi smitefnum. Opinberu þjónustustofnuninni skal umsvifalaust tilkynnt um niðurstöður prófsins.
3. Ef niðurstöður smitefnagreiningarinnar eru neikvæðar, enda þótt aðrar niðurstöður kunni að vera jákvæðar, skal opinbera þjónustustofnunin endurnýja viðurkenninguna.
4. Ef ekki er unnt að gera sjúkdómsgreiningu verður frekari heilbrigðisskoðun að fara fram innan 15 daga frá því að fyrsta úrtak var tekið og taka verður nógu marga sýkta fiska og senda þá til viðurkenndu rannsóknarstofunnar til smitefnagreiningar.
Fáist aftur neikvæðar niðurstöður eða séu ekki fleiri fiskar sýktir endurnýjar opinbera þjónustustofnunin viðurkenninguna.
5. Ef niðurstöðurnar eru jákvæðar skal opinbera þjónustustofnunin afturkalla viðurkenninguna.
6. Endurnýjun á viðurkenningu svæðis er háð eftirfarandi skilyrðum:
 - a) komi upp sjúkdómur:
 - verður allur fiskur í sýktu eldisstöðinni að hafa verið aflífaður og farga verður fiski sem er smitaður,
 - sóttreinsa verður öll tæki og búnað í samræmi við þær reglur sem opinbera þjónustustofnunin setur;
 - b) þegar sjúkdóminum hefur verið útrýmt verður aftur að fullnægja kröfum þáttar B.
7. Stjórnvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um tímabundna niðurfellingu, endurútgáfu og afturköllun viðurkenningar svæðis.

II. **Strandsvæði fyrir fisk** (2. dálkur skráa I og II í viðauka A)

- A. Strandsvæði er landfræðilega vel afmarkaður hluti strandar, hafstrandar eða ármynnis og myndar einsleitt vatnskerfi.
- B. *Viðurkenning*
Til að hljóta viðurkenningu verður strandsvæði fyrir fisk að fullnægja kröfunum sem eru settar vegna meginlandssvæða og um getur í þætti B í I. hluta.
- C. *Viðurkenningu haldið við*
Fullnægja verður kröfunum sem eru settar í þætti C í I. hluta til að halda viðurkenningu.
- D. *Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar*
Sömu reglur gilda og fram koma í þætti D í I. hluta.

III. **Strandsvæði fyrir lindýr** (2. dálkur skráa I og II í viðauka A)

- A. Strandsvæði verður að uppfylla skilgreininguna sem kemur fram í þætti A í II. hluta.
- B. *Viðurkenning*
Til að hljóta viðurkenningu verður strandsvæði að fullnægja eftirfarandi kröfum:
 1. öll lindýr verða að vera laus við klínísk einkenni eða önnur merki um einn eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A í að minnsta kosti tvö ár;
 2. allar eldisstöðvar á strandsvæðinu verða að vera undir eftirliti opinberu þjónustustofnananna. Það fer eftir þróun viðkomandi smitefna hversu oft heilbrigðisskoðun fer fram.
Við heilbrigðisskoðun eru sýni tekin og send eins fljótt og kostur er til viðurkenndrar rannsóknarstofu þar sem fram fer greining á viðkomandi smitefnum;
 3. ef engin eldisstöð er á strandsvæði verður opinbera þjónustustofnunin að gera það að skilyrði að heilbrigðisskoðun fari fram á lindýrum í samræmi við 2. lið, svo oft sem hæfir þróun viðkomandi smitefna. Sýni hins vegar nákvæm skoðun á dýralífínu að engin lindýr fyrirfinnist á svæðinu af tegundum

sem eru smitnæmar eða arfberar getur opinbera þjónustustofnunin viðurkennt svæðið áður en lindýr eru flutt þangað;

4. rannsóknarstofurannsóknir á lindýrum sem eru tekin við heilbrigðisskoðun hafi sýnt neikvæðar niðurstöður að því er viðkomandi smitefni varðar.

Við viðurkenningu má taka tillit til þess að reynslan hafi sýnt að sjúkdómarnir sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A finnast ekki.

C. Viðurkenningu haldið við

Fullnægja þarf eftirfarandi kröfum til að halda viðurkenningu:

1. lindýr sem eru flutt á strandsvæðið verða að koma frá öðru viðurkenndu strandsvæði eða frá viðurkenndri eldisstöð á strandsvæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu;
2. heilbrigðisskoðun verður að fara fram í hverri eldisstöð í samræmi við 2. lið í þætti B, svo oft sem hæfir þróun viðkomandi smitefna;
3. niðurstöður rannsóknarstofurannsókna á lindýrum sem hafa verið tekin við heilbrigðisskoðun verða að hafa verið neikvæðar að því er varðar sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A;
4. þeir sem reka eldisstöðvar eða þeir sem bera ábyrgð á aðflutningi lindýra verða að halda skrá þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að hafa óslitið eftirlit með heilbrigði lindýranna.

D. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar

1. Tilkynna skal eins fljótt og kostur er til opinberu þjónustustofnunarinnar óvænt dauðsföll eða önnur einkenni þar sem grunur gæti leikið á að lindýrasjúkdómur sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A hafi komið upp. Hún skal þegar í stað fella viðurkenningu svæðisins niður.
2. Úrtak með sýktum lindýrum skal sent til viðurkenndu rannsóknarstofunnar til greiningar á viðkomandi smitefnum.
Opinberu þjónustustofnuninni skal umsvifalaust tilkynnt um niðurstöður prófsins.
3. Ef niðurstöður smitefnagreiningarinnar eru neikvæðar, enda þótt aðrar niðurstöður kunni að vera jákvæðar, skal viðurkenningin endurnýjuð.
4. Ef ekki er unnt að gera sjúkdómsgreiningu verður frekari heilbrigðisskoðun að fara fram innan 15 daga frá því að fyrsta úrtak var tekið og taka verður nógu mörg sýkt lindýr og senda þau til viðurkenndu rannsóknarstofunnar til smitefnagreiningar. Fáist aftur neikvæðar niðurstöður eða séu ekki fleiri lindýr sýkt endurnýjar opinbera þjónustustofnunin viðurkenninguna.
5. Ef niðurstöðurnar eru jákvæðar skal opinbera þjónustustofnunin afturkalla viðurkenninguna.
6. Endurnýjun á viðurkenningu svæðis er háð eftirfarandi skilyrðum:
 - a) komi upp sjúkdómur:
 - verður að farga öllum lindýrum sem eru smituð eða sýkt,
 - sóttthreinsa verður öll tæki og búnað í samræmi við þær reglur sem opinbera þjónustustofnunin setur;
 - b) þegar sjúkdóminum hefur verið útrýmt verður aftur að fullnægja kröfum þáttar B.
7. Stjórnvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um tímabundna niðurfellingu, endurútgáfu og afturköllun viðurkenningar svæðis.

VIÐAUKI C

VIÐURKENNDAR ELDISSTÖÐVAR Á SVÆÐI SEM HEFUR EKKI HLOTIÐ VIÐURKENNINGU

I. Meginlandseldisstöðvar fyrir fisk (2. dálkur í skrá I og II í viðauka A)

A. Viðurkenning

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vatn verður að koma úr uppsprettu eða borholu.
2. Náttúrulegar eða tilbúnar stíflur verða að vera fyrir ferskvatnssækinn fisk svo hann geti ekki gengið upp.
3. Hún verður að fullnægja viðeigandi ákvæðum í þætti B í I. hluta viðauka B.

B. Viðurkenningu haldið við

Fullnægja verður kröfunum sem eru settar í þætti C í I. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu. Þó skal taka sýni einu sinni á ári.

C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar

Sömu reglur gilda og fram koma í þætti D í I. hluta viðauka B.

II. Strandeldisstöðvar fyrir fisk (2. dálkur skráa I og II í viðauka A)

A. Viðurkenning

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Hún verður að fá vatn í gegnum kerfi sem er þannig útbúið að það geti eytt smitefnum sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A.
2. Hún verður, að breyttu breytanda, að fullnægja kröfunum sem eru settar í þætti B í II. hluta viðauka B.

B. Viðurkenningu haldið við

Fullnægja verður, að breyttu breytanda, kröfunum sem eru settar í þætti C í II. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu.

C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar

Sömu reglur gilda, að breyttu breytanda, og fram koma í þætti D í II. hluta viðauka B.

III. Strandeldisstöðvar fyrir lindýr (2. dálkur skráa I og II í viðauka A)

A. Viðurkenning

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Hún verður að fá vatn í gegnum kerfi sem er þannig útbúið að það geti eytt smitefnum sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A.
2. Hún verður, að breyttu breytanda, að fullnægja kröfunum sem eru settar í 1., 2. og 4. lið í þætti B í III. hluta viðauka B.

B. Viðurkenningu haldið við

Fullnægja verður, að breyttu breytanda, kröfunum sem eru settar í liðum 1 til 4 í þætti C í III. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu.

C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar

Sömu reglur gilda, að breyttu breytanda, og fram koma í þætti D í III. hluta viðauka B.

VIÐAUKI D

ENDURNÝJUN VATNS

Endurnýjun vatns við flutninga á fiskeldisdýrum skal fara fram með búnaði sem er viðurkenndur af aðildarrákj-
unum og uppfyllir eftirfarandi kröfur:

1. Hreinleikastig vatns sem er notað til skipta verður að vera þannig að það hafi ekki áhrif á heilbrigðisástand tegundanna sem verið er að flytja að því er varðar smitefni þeirra sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A.
2. Þessi búnaður skal þannig gerður að hann komi í veg fyrir smitun í umhverfinu sem vatni er veitt í:
 - annaðhvort með því að auðvelda sóthreinsun vatnsins, eða
 - með því að tryggja að vatnið geti ekki undir neinum kringumstæðum flætt út í sjó eða rennandi vatnsföll.

VIÐAUKI E

Fyrirmyndir að flutningsskýrslum

1. KAFLI

FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LIFANDI FISK, HROGN OG SVIL FRÁ VIÐURKENNDU SVÆÐI

I. Upprunaland:

Viðurkennt svæði:

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang):

III. Dýr eða afurðir:

	Lifandi fiskur	Hrogn	Svil
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti)			
Tegund (almennt heiti og vísindaheiti)			
Magn Fjöldi Heildarþyngd Meðalþyngd			

IV. Viðtökustaður

Viðtökuland:

Viðtakandi (nafn og heimilisfang):

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni):

VI. Heilbrigðisvottun


Ég, undirritaður, staðfesti hér með að dýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í, hinn

Heiti opinberrar þjónustustofnunar:

.....
Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinberrar þjónustustofnunar

.....
Titill undirritunaraðila.....
Undirskrift

2. KAFLI

FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LIFANDI FISK, HROGN OG SVIL FRÁ VIÐURKENNDRI ELDISSTÖÐ

I. **Upprunaland:**

II. **Upprunaeldisstöð** (nafn og heimilisfang):

.....

III. **Dýr eða afurðir:**

	Lifandi fiskur	Hrogn	Svil
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti)			
Tegund (almennt heiti og vísindaheiti)			
Magn Fjöldi Heildarþyngd Meðalþyngd			

IV. **Viðtökustaður**

Viðtökuland:

Viðtakandi (nafn og heimilisfang):

.....

V. **Flutningatæki** (tegund og auðkenni):

.....

VI. **Heilbrigðisvottun**


Ég, undirritaður, staðfesti hér með að dýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndri eldisstöð og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í, hinn

Heiti opinberrar þjónustustofnunar:

.....
Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinberrar þjónustustofnunar



.....
Titill undirritunaraðila

.....
Undirskrift

3. KAFLI

FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LINDÝR FRÁ VIÐURKENNDU STRANDSVÆÐI

I. **Upprunaland:**

Viðurkennt svæði:

II. **Upprunaeldisstöð** (nafn og heimilisfang):III. **Dýr:**

		Lindýr
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti)		
Tegund (almennt heiti og vísindaheiti)		
Magn	Fjöldi	
	Heildarþyngd	
	Meðalþyngd	

IV. **Viðökustaður**

Viðökuland:

Viðtakandi (nafn og heimilisfang):

V. **Flutningatæki** (tegund og auðkenni):VI. **Heilbrigðisvottun**


Ég, undirritaður, staðfesti hér með að dýrin í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu strandsvæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í, hinn

Heiti opinberrar þjónustustofnunar:

.....
Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinberrar þjónustustofnunar

.....
Titill undirritunaraðila.....
Undirskrift

4. KAFLI

FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LINDÝR FRÁ VIÐURKENNDRI ELDISSTÖÐ

I. **Upprunaland:**

II. **Upprunaeldisstöð** (nafn og heimilisfang):

.....

III. **Dýr:**

		Lindýr
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti)		
Tegund (almennt heiti og vísindaheiti)		
Magn	Fjöldi	
	Heildarþyngd	
	Meðalþyngd	

IV. **Viðtökustaður**

Viðtökuland:

Viðtakandi (nafn og heimilisfang):

.....

V. **Flutningatæki** (tegund og auðkenni):

.....

VI. **Heilbrigðisvottun**


Ég, undirritaður, staðfesti hér með að dýrin í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndri eldisstöð og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í, hinn

Heiti opinberrar þjónustustofnunar:

.....
Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinberrar þjónustustofnunar



.....
Titill undirritunaraðila

.....
Undirskrift
